

# STARFSLEYFI

## Steypustöðin

Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, viðgerðaaðstaða eigin véla

**Hrísmýri 8, fastanr. F2186464**  
**800 Selfoss**

kt. 660707 0420

Nafn og kt. rekstraraðila: **Steypustöðin ehf., kt. 660707 0420**  
Heimilisfang: **Malarhöfða 10, 110 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 19. nóvember 2020**      **Gildir til: 19. nóvember 2032**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur, bifreiðaverkstæði og  
skyldan rekstur  
dags. 19. nóvember 2020**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss    kt. 480284 0549    Sími 480 8250

Selfossi, 19. nóvember 2020

*Stella Hrönn*

**Stella Hrönn Jóhannsdóttir**  
heilbrigðisfulltrúi

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

## steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur

### Steypustöðin ehf.

Hrísmýri 8

800 Selfoss

kt. 660707 0420

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

|     |  | Rgl.nr.             | Uppfyllt |
|-----|--|---------------------|----------|
| 1.1 | Starfsleyfisskilyrði þessi gilda um rekstur steypistöðvar og steypueiningaverksmiðju.  | 550/2018<br>5. gr.  |          |
| 1.2 | Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.   | 550/2018<br>6. gr.  |          |
| 1.3 | Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur, s.s. verkstæði, gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.  | 550/2018<br>5. gr.  |          |
| 1.4 | Rekstraraðili skal uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfsviði sínu. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið og beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum. Orka skal vera vel nýtt.   | 550/2018            |          |
| 1.5 | Rekstraraðili skal veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðisnefnd metur innan fjögurra vikna frá móttöku upplýsinganna hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi. | 550/2018<br>13. gr. |          |
| 1.6 | Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja allan rekstrarúrgang og spilliefni og skila til viðeigandi móttökustöðva fyrir úrgang. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hætta stafi ekki af þeim.                                 | 550/2018            |          |
| 1.7 | Endurskoða skal starfsleyfið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018.  | 550/2018<br>14. gr. |          |